

**Sp.**

**520. Tillaga til þingsályktunar**

**[229. mál]**

um málefni heyrnardaufra.

Flm.: Jón Skaftason, Auður Auðuns, Magnús Kjartansson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að undirbúa frumvarp til laga um endurhæfingarkerfi heyrnardaufra. Meðal verkefna nefndarinnar er endurskoðun á lögum um heyrnleysingjaskóla, nr. 13 31. marz 1962.

#### Greinargerð.

Talið er, að 7% landmanna þjáist af heyrnarskemmdum, misjafnlega alvarlegum, og þyrftu læknishjálpar með, og þeir, sem verst eru settir, endurhæfingarmeðferðar.

Íslensk löggjöf er mjög fátæk að því er tekur til málefna heyrnardaufra, og í framkvæmdinni hefur þessi þáttur hinnar almennu heilsugæzlu orðið útundan.

Það er áriðandi að gera sér ljóst, að heyrnardauft fólk er sjúklingar og að sú meðferð, sem það á að fá, verður að stjórnast af læknum og öðru sérmenntuðu fólki í heyrnarmálefnum.

Á sviði meðferðar heyrnardaufra hefur mikil framför orðið síðustu árin og nýjar kenningar rutt sér til rúms víða um hinn menntaða heim. Íslendingar hafa hins vegar lítið af þeim að segja. Má ekki við svo búið sitja lengur, og ber brýna þörf til þess að koma á fót endurhæfingarskipulagi heyrnardaufra, að fyrirsögn sérfróðra manna, þannig að fjármunum og starfskröftum verði beitt í samræmi við beztu þekkingu á hverjum tíma. Annað ber ekki þann árangur, sem viðunandi er.

Með tillögu þessari er lagt til að skipa nefnd sérfróðra manna, svo sem lækna, tal- og heyrnarfræðinga o. fl., til þess að gera tillögur um heildarskipulag þessara mála. Ættu þær tillögur að leggja grundvöllinn að skynsamlegri löggjöf um þessi efni, sem nú er mikil þörf fyrir.

Tillögumenn leggja til, að meðal verkefna nefndarinnar sé endurskoðun á gildandi lögum um heyrnleysingjaskóla, en samkvæmt þeim er m. a. lögboðið, að senda beri 4 ára gömul börn í heyrnleysingjaskóla. Þar sem nýjustu kenningar um endurhæfingu leggja megináherzlu á, að heyrnardauf börn alist upp í málhvetjandi umhverfi, þ. e. a. s. innan um talandi fólk, en ekki máldeyðandi, er lögð áherzla á, að sérfróðir menn athugi sérstaklega, hvort þetta lagaákvæði sé ekki úrelt og beri að breyta.